

TEXTI Á MYNDSKEIÐINU „SNJÓR“ UM OFANFLÓÐASTARFSEMI VEÐURSTOFU ÍSLANDS

Veðurstofan mælir, rannsakar og miðlar upplýsingum og hefur eftirlit með ástandi

Viðfangsefni eru eðlisþættir jarðar: loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf

Veðurstofan rekur umfangsmikið mælakerfi og tölvukerfi

Hún gerir spár fyrir land, haf og flug og sendir út viðvaranir vegna náttúruvár

Hjá Veðurstofu Íslands eru 140 starfsmenn og 120 athugunar- og eftirlitsmenn

Veðurstofan er í samstarfi við almannavarnir, innlendar og alþjóðlegar háskóla- og rannsóknastofnanir og gagnabanka

Snjóflóð hafa valdið mörgum slysum og stórfelldu fjárhagslegu tjóni hér á landi

Beint fjárhagslegt tjón af völdum snjóflóða og skriðufalla hér á landi á 26 ára tímabili, frá 1974 til 2000, er um 7 milljarðar kr

Dauðaslys af völdum snjóflóða á byggð á nýliðnum áratugum:

Dagsetning	Staður	Dauðsföll
20.12 1974	Neskaupstaður	12 manns
22.01 1983	Patreksfjörður	4 menn
05.04 1994	Tungudalur, Skutulsfirði	1 maður
16.01 1995	Súðavík	14 manns
18.01 1995	Grund, Reykhólahreppi	1 maður
26.10 1995	Flateyri	20 manns
13.01.2004	Bakki	1 maður
Samtals		53 manns

Snjóflóðum komið af stað með sprengingum í mars og apríl 2009

Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði

Varnarvirki hafa verið reist á ellefu stöðum síðan 1995

Líkanið Harmonie sýnir snjóþekju sem er staðfest af gervitunglamyndum

Tilkynning er send um hættu í farsíma

SMS tilkynning um þrjú stig snjóflóðahættu á Súðavíkurhlíð:

* Möguleg

* Varúð

* Hættuleg

Markmiðið er að framkalla snjókort í rauntíma til þess að setja saman spár um snjóflóðahættu og skafrenning